



Fundargerð stjórnar LSS

Fundarstjóri: Magnús Smári Smáráson, formaður LSS.	Fundur nr. 269
Fundarritari: Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri	Reykjavík, 21.08.18
Mættir: Ásgeir Þórisson, meðstjórnandi. Guðrún Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri. Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri. Kristinn Guðbrandsson, meðstjórnandi. Magnús Smári Smáráson, formaður LSS. Sigurjón Hendriksson, varamaður í stjórn LSS. Steinþór Darri Þorsteinsson, formaður fagdeildar slökkviliðsmanna.	Fundarstaður: Brautarholt 30 105 Reykjavík Frá kl. 10:00 Til kl. 13:38
Fjarverandi: Birkir Árnason, formaður fagdeildar sjúkraflutningamanna. Pétur Arnarsson, formaður fagdeildar stjórnenda.	

Dagskrá:

Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1.	Setning MSS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MSS
2.	Fundargerð síðasta fundar Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Lagðar voru fram fundargerðir fagdeildar sjúkraflutninga, Styrktarsjóðs, Samstarfsnefndar LSS og SNS, Samstarfsnefndar ISAVIA og LSS, Eldvarna bandalagsins, félagsfundar LSS, þingfundargerð, fundargerð um breytt atkvæðavægi og starfsyfirlit skrifstofu.	MSS
3.	Inntaka nýrra félaga Engin tilkynning hefur borist. Nýir meðlimir koma sjálfkrafa inn í félagakerfið þegar ráðningarsamningur hefur verið gerður af vinnuveitanda og teljast þeir meðlimir þegar greiðsla berst.	MSS
4.	Starfið á milli funda (uppfæra) MSS, formaður LSS. Undirbjó og sat félagsfund. Bjó til embættisbréf fyrir öll embætti á vegum LSS. Hafði samband við flesta fulltrúa deilda. Sá um undirbúning fyrir stjórnarfund. Kláraði að taka saman gildandi reglugerðir LSS. Verða þær settar á vefinn. Skoða mál varðandi ISAVIA. Var erlendis í námi í þrjár vikur. Áþ, gjaldkeri LSS. Skoðaði íbúðir á Spáni. Fékk sýnishorn og verð. Fékk verðmat á íbúðirnar á Akureyri.	MSS



	<p>KG, ritari LSS. Vinna í kjaramálum fyrir Fjarðarbyggð. Sameining sveitarfélaga í Fjarðarbyggð. Mismunur á bakvöktum milli kjarasamninga.</p> <p>SDP, varaformaður og formaður fagdeildar slökkviliðsmanna. Brunavarnaráætlun SHS og reglugerð um slökkvilið er í skoðun. Óskað var eftir fundi með umhverfisráðherra. Átti fundi með samstarfsnefnd. SDP og MSS fóru á fund með forstjóra Mannvirkjastofnunar og lykilaðilum brunamála.</p> <p>SH, meðstjórnandi. Er að setja sig inn í ISAVIA málin.</p>	
5.	<p>Félagsmál</p> <p>1. Lögfræðiálit vegna félagsfundar.</p> <p>Í kjölfarið á félagsfundi LSS þann 5.júní sl. komu til álita athugasemdir á framkvæmd 17.aðalþings LSS og þeim spurningum velt upp hvort þingið hafi verið löglegt en einnig hvort möguleiki væri fyrir hendi að boða til auka aðalþings næsta haust.</p> <p>Stjórn LSS tók þessum athugasemdum alvarlega og óskaði í kjölfarið eftir því að lögfræðingur LSS Guðni Á. Haraldsson hrl. myndi vinna greinargerð fyrir félagið. Óskað var eftir svörum við spurningum er vörðuðu lögmæti 17.þings LSS en einnig hvort að heimild finnist í lögum félagsins til að boða til auka aðalþings og frekar hvort hægt sé að breyta lögum félagsins á öðrum vettvangi en á aðalþingi.</p> <p>Guðni hefur skilað þessari greinargerð en helstu atriði sem koma þar fram eru eftirfarandi:</p> <p>Í fyrsta lagi metur Guðni að þrátt fyrir annmarka á undirbúningi og framkvæmd 17.þings LSS séu þessir formgallar ekki til þess fallnir að ógilda þær ákvarðanir eða samþykktir sem gerðar voru á þinginu. Mat Guðna er að 17.þing LSS hafi verið löglegt.</p> <p>Í öðru lagi metur Guðni það svo að ekki sé heimild í lögum LSS að boða til auka aðalþings. Fjallar Guðni um að eini möguleikinn á auka aðalþingi sé framhaldsaðalþing en aðalþing verði að ákveða boðun framhaldsaðalþings ef aðalþing getur ekki lokið störfum af einhverjum ástæðum.</p> <p>Í þriðja lagi metur Guðni það svo að ekki sé heimild í lögum LSS að breyta lögum félagsins á öðrum vettvangi en á aðalþingi eða framhaldsaðalþingi.</p> <p>Greinargerð Guðna er vel rökstudd og var hún send á fulltrúa LSS til upplýsingar.</p> <p>Ljóst er að uppfæra þarf verklag við undirbúning og framkvæmd aðalþings og mun sú vinna hefjast eftir kjarasamningalotur 2018/2019.</p>	MSS



	<p>2. Afstaða stjórnar vegna ólöglegs þings LSS Stjórn er sammála lögfræðingi LSS og mun vinna eftir niðurstöðu greinargerðarinnar. Stjórn LSS mun því ekki boða til auka þings í haust heldur klára tímabilið með þeim breytingum sem hafa verið gerðar á stjórn.</p> <p>3. Fulltrúaráðsfundur / heimsókn til deilda. Stjórn mun boða til fulltrúaráðsfundar í haust vegna vinnu um atkvæðavægi og lagabreytingum því tengt. Opnað verður á önnur mál á þeim fundi. Formaður hefur haft samband við flesta fulltrúa LSS og gert þeim grein fyrir þessari niðurstöðu. Stjórn mun heimsækja deildirnar þegar niðurstöður um atkvæðavægi liggur fyrir.</p>	
6.	<p>Fjármál</p> <ol style="list-style-type: none">1. Fimm mánaða uppgjör. Er í jafnvægi. Þegar þing er haldið eru fjármál ávallt í járnnum. Farið hefur verið í að ná betri samningum um daglegan rekstur s.s. fengið tilboð í síma, tryggingar ofl. Útgáfa fréttablaðsins „Á vakt fyrir Ísland“ og krabbameinsráðstefnan voru rekin réttu megin við núllið. Undirbúningur, framkvæmd og frágangur á þessum tveimur verkefnum var til fyrirmyndar. Samþykkt var að hagnaður krabbameinsráðstefnunnar yrði eyrnamerkt krabbameinsnefndinni.2. Staða sjóða. Sjóðir í jafnvægi.	ÁP/GH
7.	<p>Stjórn og áætlanagerð</p> <ol style="list-style-type: none">1. Stjórn hefur lokið við að skipa í öll embætti á vegum LSS. Skrifstofu er falið að gefa út erindisbréf til þessa aðila fram að næsta aðalþingi. HS er falið að kynna listann fyrir fulltrúum LSS. Listinn verður birtur á heimasíðu félagsins.2. Erindisbréf. Stjórn fór yfir 34 erindisbréf og eru þau samþykkt með breytingum. Skrifstofu er falið að gefa erindisbréfin út og senda á aðila sem skipaðir hafa verið í þessi embætti.3. Búið er að fara yfir öll þing frá stofnun fagstéttarfélags LSS og taka saman gildandi reglugerðir til dagsins í dag. Þær verða settar á vef LSS.4. Vinnufundi stjórnar frestað. Leggja áherslu á kjaramál og kynningu á lagabreytingum.	MSS
8.	<p>Kjaramál</p> <p>Farið var yfir helstu málin sem voru í gangi og stjórnarmenn upplýstir. MSS mun búa til erindi vegna fyrirhugaðs fundar með kjararáði og kröfugerðar. HS er falið að endurskoða lögfræðiþjónustu LSS. Er það hluti af endurskoðun félagsins.</p>	
9.	<p>Orlofsmál</p> <p>Umræða var um þingályktunartillögu um orlofsmál. ÁP var búinn að taka saman greinargerð um kosti og galla þess að selja íbúðirnar í Skálatúni og kaupa í hálöndunum. Búið var að fá verðmat á</p>	



	<p>íbúðirnar. Ákveðið var að selja neðri íbúðina og kaupa í hálöndunum.</p> <p>Það var verið að skoða íbúðir á Spáni fyrir félagsmenn. Áþ fór yfir kosti og galla þess að kaupa eða leigja á Spáni. Farið var yfir mismunandi staðsetningar. Áþ/GH falið að kanna möguleikana á að leigja til tveggja ára.</p>	
10.	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none">1. Sálfræðiaðstoð á landsvísu. Samstarfsnefnd SNS og LSS hafa samþykkt að veita sálfræðiaðstoð á landsvísu í samstarfi við sálfræðingana á Lynghálslí. Á næstu dögum verður þessi þjónusta kynnt helstu málsaðilum. Gert hefur verið samkomulag um að þessi þjónusta sé greidd af Styrktarsjóði LSS. Í komandi kjarasamningum verður staðan endurmetin og kannað hvort þurfi að bæta í Styrktarsjóðinn til að halda úti þessari þjónustu.2. Þátttaka á þingi BSRB. Þing BSRB verður 17-19 október. Fulltrúar LSS verða varaformaður, gjaldkeri og meðstjórnandi LSS. Skrifstofa skilar inn pappírur þess efnis.3. Vistun eldri gagna<ol style="list-style-type: none">a. Þjóðskjalasafn. Lögð var fram kostnaðaráætlun frá Þjóðskjalasafni varðandi flokkun og skjölun á eldri gögnum LSS. Samþykkt var að fara í þessa vinnu.b. Tímarit.is. Lagt var fram tilboð við að skanna og vista fréttablöð félagsins frá upphafi. Samþykkt að fara í þessa vinnu.4. Fagráð Brunamálaskólans. Fyrrum formaður sendi erindi á umhverfisráðuneyti og vildi kanna hvort hægt væri að skipta út skipuðum einstaklingum f.h. LSS í fagráði Brunamálaskólans. Svar barst frá ráðuneytinu og er það ekki hægt fyrr en að skipunartíma loknum.5. Íslandsmót slökkviliðsmanna. Íþrótt- og skemmtinefnd LSS stendur fyrir Íslandsmóti slökkviliðsmanna 15. september. Keppt verður í fótbolta, kraftlyftingum og slökkviliðskeppni (fagtengd hindrunarbraut). Stjórn óskar félagsmönnum LSS góðs gengis.6. Golfmót LSS. Íþrótt- og skemmtinefnd stendur fyrir golfmóti 16. september og er tengt Íslandsmóti slökkviliða. Slökkvilið Brunavarna Árnessýslu sér um undirbúning og framkvæmd golfmótsins. Stjórn LSS óskar félagsmönnum góðrar skemmtunar.7. Reglugerð um slökkvilið. Stjórn fagnar nýútgefinni reglugerð um slökkvilið. Þörf á að ramma inn starfsemi slökkviliða enn frekar.	Allir

Fleira er ekki tekið fyrir og fundi er slitið kl. 13:36
Fundargerð ritar HS.